

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 3. mars 2010  
Tilv. 2010/0131 – 0.0.01  
ÞAÁ

**Efni: Athugasemdir Neytendastofu vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.**

Vísað er til tölvupósts, dags. 3. febrúar 2010, þar sem óskað er umsagnar Neytendastofu á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, 343. mál. Í tölvupóstinum var stofnuninni veittur frestur til 22. febrúar 2010 til að koma að athugasemdum við frumvarpið. Með tölvupósti, dags. 26. febrúar 2010, var stofnuninni veittur viðbótarfrestur til 3. mars s.á. til að koma að athugasemdum sínum. Þakkar stofnunin fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið og þann viðbótarfrest sem stofnuninni var veittur.

Neytendastofa gerir athugasemdir við 10. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að við 19. gr. laga nr. 161/2002 verði bætt við tveimur nýjum málsgreinum, og fyrri málslíður 19. gr. verði svohljóðandi:

*„Fjármálaeftirlitið setur reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir“*

Í athugasemdum er fylgja frumvarpinu segir m.a. um þetta atriði að *„...að fjármálaeftirlitið skuli setja reglur um hvað skuli teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir á fjármálamarkaði“*

Neytendastofu er falið eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu allrar atvinnustarfsemi sem fer fram gegn endurgjaldi, hvort sem hún er á vegum einstaklinga, félaga, ríkis og sveitarfélaga eða annarra, sbr. ákvæði laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/2005 eru óréttmætir viðskiptahættir bannaðir og eru viðskiptahættir óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda, sbr. 8. gr. laganna. Samkvæmt framangreindu er það hlutverk Neytendastofu að hafa almennt eftirlit á markaði hvað varðar góða viðskiptahætti gagnvart neytendum Auk þess vill Neytendastofa

benda á að í lög nr. 57/2005 hefur verið innleidd tilskipun ESB nr. 2005/29 um óréttmæta viðskiptahætti, sem gerir ráð fyrir allsherjarsamræmingu innan ESB og á EES-svæðinu á ákvæðum er varða óréttmæta viðskiptahætti, sbr. ákvæði laga nr. 88/2008 um breytingu á lögum nr. 57/2005.

Neytendastofa telur að framsetning frumvarpsins sé óskýr varðandi eftirlitshlutverk og valdmörk milli Neytendastofu og Fjármálaeftirlitsins eins og hér skal nú gerð nánari grein fyrir.

## 1.

Neytendastofa telur orðalag ákvæðis 10. gr. í frumvarpi þessu stangist á við þau almennu valdmörk sem gilda varðandi eftirlit sem Neytendastofa hefur með óréttmætum viðskiptaháttum skv. skýrum og afdráttarlausum ákvæðum laga nr. 57/2005, með síðari breytingum og þess eftirlits sem Fjármálaeftirlitinu kann að verða falið að hafa með eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum fjármálafyrirtækja, standi vilji Alþingis til þess að færa það eftirlit til Fjármálaeftirlitsins.

Neytendastofa telur varhugavert og til þess fallið að valda óskýrum valdmörkum milli stofnananna, að eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum verði á höndum fleiri en einnar stofnunar hér á landi. Verði Fjármálaeftirlitinu falið eftirlit með viðskiptaháttum fjármálafyrirtækja sem þegar eru háðir eftirliti Neytendastofu, skv. lögum nr. 57/2005, telur Neytendastofa að gera verði breytingar á ákvæðum laga nr. 57/2005 og taka skýra afstöðu til þess hvaða ákvæði laganna skuli ekki gilda um fjármálafyrirtæki og þar af leiðandi eiga framvegis ekki að vera undir eftirliti Neytendastofu heldur Fjármálaeftirlitsins sé það vilji löggjafans. Þannig verður að mati Neytendastofu að taka skýra afstöðu til þess í lögum nr. 57/2005 hvaða ákvæði laganna skuli framvegis ekki gilda um fjármálafyrirtæki og setja sérstakt ákvæði inn í gildissvið laganna þar sem skýrt er tekið fram hvaða ákvæði laganna eigi ekki við um fjármálafyrirtæki og eigi framvegis að lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Ennfremur má geta þess að Neytendastofa hefur eftirlit með ákvæðum laga nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum. Á vettvangi Evrópusambandsins hefur verið samþykkt ný tilskipun um þetta efni sem hefur að markmiði að samræma að fullu löggjöf innan EES á því sviði sem tilskipunin tekur og aðlaga ákvæði löggjafarinnar að breyttum viðskiptaháttum á þessu sviði. Innleiðing tilskipunarinnar á að vera lokið í júní 2010 og frumvarp þess efnis því væntanlegt á næstu mánuðum til framlagningar á Alþingi. Samkvæmt gildandi lögum er Neytendastofu falið eftirlit með neytendalánnum.

## 2.

Sé tilgangur ákvæðisins sá að Fjármálaeftirlitið setji reglur um viðskiptahætti sem ekki falla undir ákvæði laga nr. 57/2005 telur Neytendastofa eðlilegt að fyrri málsliður 10. gr. sé orðaður með þeim hætti að sá tilgangur löggjafans sé skýr að þessu leyti.

Þannig er t.d. í athugasemdum við frumvarp þetta að finna umfjöllun um að fjármálafyrirtækjum hafi með lögum nr. 107/2009 verið lögð sú skylda á herðar að setja

skýrar reglur um verklag við úrlausn mála þeirra einstaklinga og fyrirtækja sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Auk þess er bent á að fjármálafyrirtækin hafi, með undanþágu frá samkeppnisyfirvöldum, lagt drög að samræmdum reglum sem beita megi við úrlausn slíkra skuldamála en hvert fyrirtæki setji svo endanlega eigin reglur sem háðar eru samþykki Fjármálaeftirlitsins. Framangreindar reglur taka til neytenda og fyrirtækja. Helstu rekstrarstærðir og staða efnahagsreiknings fjármálafyrirtækjanna getur verið mjög ólík og úrlausn skuldavanda því háð aðstæðum hvers aðila fyrir sig. Þetta er því metið þannig að ómögulegt sé að lögfesta almennar reglur um hvernig fjármálafyrirtæki eigi að standa að endurskipulagningu skulda en um leið er ljóst að fjármálafyrirtæki hafa ekki algjörlega fjálsar hendur um hvernig staðið skuli að þessum málum. Þess vegna er tekið fram að markmið með ákvæðinu sé m.a. að Fjármálaeftirlitið geti sett reglur sem fjármálafyrirtækin verði að fylgja við setningu reglna skv. lögum nr. 107/2009. Einnig er bent á að fjármálafyrirtæki séu háð ákvæðum samkeppnislaga, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hafi sett fram álit um ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum. Sömuleiðis skulu fjármálafyrirtæki starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Samkvæmt því geti eftirlitsaðilar, þ.e. Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið, látið til sín taka ef misbrestur verður á.

Neytendastofa telur að ef meginmarkmið ákvæðisins er að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með framangreindum málum eigi orðalag þess að taka mið af því. Um leið er þá staðfesta að almennt eftirlit með viðskiptaháttum sé hér eftir sem hingað til hjá Neytendastofu.

Í því tilviki þyrfti eins og áður segir að breyta orðalagi í 10. gr. frumvarpsins að eftirliti Fjármálaeftirlits sé að hafa eftirlit með framkvæmd laga nr. 107/2009.

### 3.


Almennt ákvæði um að Fjármálaeftirlitinu sé skylt að setja reglur og hafa eftirlit með hvað teljist eðlilegir viðskiptahættir sem fari inn í lög samhliða ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, getur að teknu tilliti til alls framangreinds ekki gengið að mati Neytendastofu.

Á þessu stigi málsins getur Neytendastofa ekki lagt til orðalagsbreytingar þar sem að stefnumótun löggjafans varðandi þau álitæfni sem hér hefur verið gerð grein fyrir liggur ekki fyrir.

Brýnt er að löggjafinn taki afstöðu til þess hvar almennt eftirlit með viðskiptaháttum fjármálafyrirtækja eigi að fara fram og þegar sú ákvörðun liggur fyrir þá verður að gera viðeigandi breytingar á lögum til að framfylgja þeirri stefnumörkun, þ.e. með skýrum ávæðum í lögum nr. 57/2005 og í lögum nr. 161/2002, eftir því sem við getur átt.

Niðurstaða Neytendastofu er því að framangreint ákvæði frumvarpsins verður að taka breytingum til samræmis við ofangreind sjónarmið stofnunarinnar. Neytendastofa leggst því gegn því að ákvæði 10. gr. verði samþykkt óbreytt og án frekari stefnumörkunar um skipulag eftirlits með viðskiptaháttum fjármálafyrirtækja til frambúðar

Virðingarfyllt  
f.h. Neytendastofu



Tryggvi Axelsson  
Forstjóri



Þórunn Anna Árnadóttir  
Sviðsstjóri